



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Framkvæmdaáætlun Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar 2023-2024

Fræðsla og kynningar

Á haustmisseri árið 2020 kom Vísinda- og nýsköpunarsvið á lagnirnar Sprotamýri, frumkvöðlasetur Háskóla Íslands í hugmyndahúsinu Grósku sem er á Vísindagörðum. Nefndin fagnar stofnun frumkvöðlasetursins sem er sambærilegt nýsköpunarseturs SERES sem hefur verið starfrækt í HR. Nemendur geta sótt um vinnuástöðu í Sprotamýri og fengið bæði ráðgjöf frá Vísinda- og nýsköpunarsviði og einnig Nýsköpunarstofu Menntunar. Það er ánægjulegt að nemendur og starfsfólk í Háskóla Íslands standi til boða þessi aðstaða þar sem þau geta unnið að hugmyndum sínum í umhverfi þar sem lögð er áhersla á nýsköpun. Það er spennandi fyrir nefndina að fá að kynna Grósku fyrir starfsfólki og nemendum. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd sér einnig fyrir sér að auka sýnileika nefndarinnar bæði innan veggja skólans og utan og vera í samstarfi með nýsköpunarnefndinni í Háskóla Reykjavíkur, þar á meðal að kynna Icelandic Startups.

Markmið	Aðgerðir
Kynning á Grósku og Sprotamýri og frumkvöðlasetri HÍ	<ul style="list-style-type: none">● Halda vísindaferð í Grósku á haustmisseri 2023 og bjóða nemendafélögum sem flestra námsdeilda. Í Vísindaferðinni verður kynnt fyrir nemendum Grósku og Sprotamýri frumkvöðlasetur HÍ í samstarfi við Vísinda- og nýsköpunarsvið. Einnig væri gaman að fá aðila með okkur sem hafa aðsetur í Grósku eins og Icelandic Startups og Sprotafyrirtæki, þá helst sem hafa sterk tengsl við HÍ og setja þannig saman skemmtilega dagskrá.● Halda viðburði væri gaman að fá Sprotafyrirtæki, KLAK og Vísinda- og nýsköpunarsvið með okkur í lið.● Virkja Facebooksíðu og Instagram

<p>Auka sýnileika Nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar</p>	<p>nefndarinnar og nýta til að birta efni frá nefndinni og kynna spennandi verkefni sem nefndin tekur þátt í eins og t.d. Gulleggið.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kynna nefndina í framhaldsskólum og hvað er hægt að gera ef nýsköpunarhugmynd kemur upp og hvert sé hægt að leita. Kynningar yrðu í samstarfi með HR á vorönn 2024. • Kynna Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd á Háskóladeginum ásamt Sprotamýri og aðstöðunni í Grósku. • Hafa augun opin fyrir mögulegum styrkjum fyrir nemendur og auglýsa umsóknarfresti á samfélagsmiðlum svo hægt sé að nota miðlana sem hugmynda-auðlind að styrkjum.
--------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Efling nýsköpunar- og frumkvöðlandans í HÍ

Við í Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd teljum að ótalmargir nemendur sem stunda nám við Háskóla Íslands búi yfir góðum hugmyndum og hæfileikum til að gera þær að veruleika en stranda oft á spurningum eins og til dæmis „Hvar á ég að byrja?“ eða „Ef ég er með hugmynd hvert á ég að leita?“ eða einfaldlega takmarkaðri trú á sjálfum sér og hugmyndinni. Nefndin vill fjölga viðburðum þar sem nemendum gefst kostur á að t.d. hitta mentora, fá hvatningu og praktískar ráðleggingar um ferlið að hrinda hugmynd í framkvæmd og stofna fyrirtæki. Nefndin hefur einnig áhyggjur af þeirri hefðbundnu hugmynd að nýsköpun sé takmörkuð við tækni- og raunvísindi og setur sér það markmið að kynna allar hliðar nýsköpunar á Íslandi.

Markmið	Aðgerðir
<p>Skapa vettvang fyrir nemendur HÍ til að hitta mentora, byggja upp tengslanetið sit tog fá ráðleggingar varðandi praktísk atriði.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Auka sýnileika KLAK Icelandic Startups innan veggja HÍ og utan og kynna fyrir nemendum þá möguleika sem þau bjóða upp á til að hjálpa hugmyndum að verða að veruleika.

<p><i>Fjölga viðburðum fyrir nemendur HÍ þar sem áhersla er á nýsköpun- og frumkvöðlastarfsemi.</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ● <i>Samstarf við Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd HR með viðburði. Rætt hefur verið um að fara saman með kynningu fyrir framhaldsskólanema og halda viðburði saman eins og Vísindaferðir.</i> ● <i>Halda Pubquizið „Nýsköpunarnördinn“ aftur í samstarfi við Nýsköpunarviku</i>
<p><i>Kynna sjóði og fjármögnunarmöguleika fyrir frumkvöðla og Sprotafyrirtæki.</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ● <i>Margir styrktarsjóðir eru til, bæði innlendir og erlendir, safna saman eins mörgum af þessum styrkjum og mögulegt er í lista og reyna koma þeim á framfæri með þeim leiðum sem eru opnar okkur eins og til dæmis á Facebook og Instagram. Einnig væri gaman að koma nefndinni á framfæri í Stúdentablöðum.</i>
<p><i>Sýna fjölbreytt andlit nýsköpunar á Íslandi.</i></p>	<ul style="list-style-type: none"> ● <i>Passa upp á að nýsköpun á sviði félags- og hugvísinda sé einnig gert hátt undir höfði á viðburðum og í birtu efni frá Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd.</i> ● <i>Gera stutt kynningarmyndbönd um nýsköpunarfyrirtæki og sýna það helsta sem þau eru að gera og fólkið á bak við þau. Einnig sýna frá hvernig þau byrjuðu sem nýsköpunarfyrirtæki.</i> ● <i>Fá lista af nýsköpunarfyrirtækjum og Samtökum sprotafyrirtækja og gera þau opinber nemendum HÍ til þess að sýna fjölbreytt Sprotafyrirtæki sem hafa orðið til í gegnum árin.</i>